

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, blandað íbúða- og stofnanasvæði Suðurgötu – Hamarsbraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 frá 18. maí 2007.

Breytingin felst í því að svæði fyrir þjónustustofnanir á lóð St. Jósepsspítala milli Suðurgötu og Hamarsbrautar er breytt í blandað svæði fyrir íbúðir og þjónustustofnanir. Stærð og yfirbragð nýbygginga skal fella að núverandi byggð við Hamarsbraut.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*